

Skólaráðsfundur 27.02.2013 kl.15.30

Mættir: Anna Bergsd., Herdís Björnsd., Gunnar Kristjánsson, Valdís Ásgeirsd., Monika Eiðsd., Eypór Arnar Magnússon og Björg Ágústsdóttir og Unnur Birna Þórhallsdóttir, fundarritari.

Dagskrá:

- 1. Skóladagatal , hvað er framundan, prófdagar,hugsanlega árshátíð unglinga, danskennsla,vorskóli**
Anna sagði frá lokakeppni upplestrarkeppninni, skólahreystikeppninni og þemadögum.
Sundkennsla byrjar í 2.viku apríl (8.apríl). Anna telur sundkennslu skila betri árangri í lotum eins og hér er, þ.e. haust og vor.
Prófdagar eru 3 og 3 þetta skólaárið. Skólaslit verða þann 31.maí.
Danskennsla verður í maí.
- 2. Skóladagatal næsta skólaárs**
- 3. Vinna við skipulag næsta skólaárs, staðan í kennaramálum o.fl.**
- 4. Spjaldtölvuvæðing í Grunnskóla Grundarfjarðar**
Liðir 2-4 teknir saman.
Hugmynd að byrja skólann 27.ág.. Færa til eina viku og setja hana á árið, þ.e. bæta við einum tíma á hvern bekk í viku. Fundarmenn tóku vel í það.
Ráðningamál í góðum farvegi. Kata fer í námsleyfi.
Ný námskrá boðar nýjar áherslur og nýja kennsluhætti. Komum til með að nýta spjaldtölvur mikið. Unglingastigið verður allt með spjaldtölvur. Spegلاكennsla er áætluð a verði notuð mikið auk samvinnunáms og annarra nýtísku kennsluhátta.
- 5. Ný aðalnámskrá, nýtt námsmat ,nýjar áherslur, greinanámskrár ekki komnar út. Vinnuferli**
Sameiginleg vinna allra skólanna á Nesinu í tengslum við nýja námskrá.
Ný aðalnámskrá verður kynnt, byrjar í apríl. Nauðsynlegt að fá línur í því svo túlkun verði sú sama.
Það á að gefa í bókstöfum, a.m.k. í 10.bekk (A,B,C og D)
- 6. Til kynningar: Niðurstöður úr könnunum sem gerðar voru í nóvember**
Allir ánægðir með niðurstöður ☺
- 7. Til kynningar: Samantekt á vinnu nemenda um skólastarfið.**
Margar góðar hugmyndir sem tekið er tillit til og reynt að mæta.
- 8. Önnur mál.**
Anna sagði frá eineltisteyminu og hvað það væri að gera. Sagði frá ferli eineltismála og vinnuplaggi sem unnið er eftir.
Stefán Karl frá Regnbogabörnum kemur í skólann þann 21.mars. Hann ræðir við nemendur, starfsfólk og foreldra.
Anna sagði einnig frá fyrirhuguðu samstarfi við eldri borgara.
Unnur sagði frá lýðræðisverkefni sem skólinn er í ásamt Grunnskólanum í Sandgerði og Vogunum.

Gunnar var með skilaboð frá Eyrbyggjafélaginu varðandi verkefni fyrir grunnskólanemendur. Það gætu verið ritgerðir um hvar nemendur sæju sig eftir 10 ár. Verðlaunaritgerðir kæmu í Fólkið, fjöllin og fjörðurinn. Björg spurði um skólastefnu. Skólastefna er í biðstöðu en áætlað er að boða skólastjóra leikskóla og grunnskóla á fund vegna skólastefnu og málefna leik- og grunnskóla. Ekki er vitað hvenær formleg vinna við skólastefnu hefst né hverjir verða þar í stýrihópi.

Fundi lokið kl.16.40